

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 1/2008**

**frá 1. febrúar 2008**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2007 frá 7. desember 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2007 frá 7. desember 2007 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1882/2006 frá 19. desember 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi nitrats í tilteknum matvælum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólífræns tins, 3-MCPD og bensó(a)pýrens í matvælum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/363/EB frá 21. maí 2007 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð einnar, samþættrar, landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 <sup>(5)</sup>.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 333/2007 falla úr gildi tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB <sup>(6)</sup>, 2004/16/EB <sup>(7)</sup> og 2005/10/EB <sup>(8)</sup>, en þær hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.
- 8) Að því er varðar I. kafla I. viðauka tekur ákvörðun þessi til Íslands að teknu tilliti til aðlögunarfrests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka þegar um ræðir svið sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurnýjaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 25.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 138, 30.5.2007, bls. 24.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 14.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 12, 13.2.2004, bls. 16.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 15.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

### 1. gr.

I. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 138. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/142/EB) í hluta 1.2 í I. kafla:  

„139. **32007 D 0363**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/363/EB frá 21. maí 2007 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð einnar, samþættrar, landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 138, 30.5.2007, bls. 24).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 31m (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005) í II. kafla:  

„31n. **32007 D 0363**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/363/EB frá 21. maí 2007 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð einnar, samþættrar, landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 138, 30.5.2007, bls. 24).“

### 2. gr.

II. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1883/2006) í XII. kafla:  

„54zzzo. **32006 R 1882**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1882/2006 frá 19. desember 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi nitrats í tilteknum matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 25).

54zzzp. **32007 R 0333**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasílfurs, ólífræns tins, 3-MCPD og bensó(a)þýrens í matvælum (Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29).

54zzzq. **32007 D 0363**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/363/EB frá 21. maí 2007 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð einnar, samþættrar, landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 138, 30.5.2007, bls. 24).“
2. Brott falli texti liðar 54zj (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB), liðar 54zzn (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/16/EB) og liðar 54zss (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/10/EB) í XII. kafla.

### 3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1882/2006 og 333/2007 og ákvörðunar 2007/363/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007, hvort sem ber upp fyrir.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.